



KÁRSNES  
SKÓLI

Í aðalnámskrá grunnskóla eru sett fram námshæfniviðmið í skólaþróttum í fjórum mismunandi efnispáttum:

- Heilsa og efling þekkar
- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
- Félagslegir þættir
- Öryggi og skipulagsreglur

Í íþróttatínum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í formi mismunandi íþróttagreina og hópleikja sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi. Unnið er út frá því að efla námshæfni allra nemenda og að sama skapi er tekið tillit til þarfa hvers og eins nemenda. Áhersla er lögð á að fá nemendur til að bera ábyrgð á eigin heilsu auk þess að þeir fái fræðilega umfjöllun um mikilvægi markvissrar hreyfingar og hollra lífsháttu. Þar að auki er mikilvægt að nemendur tileinki sér öryggis- og skipulagsreglur og fari eftir fyrirmælum kennara.

## Kennsluáætlun 5-10. Bekkur

Íþróttir		Kennarar: Guðni, Kristján og Sara		
Námshæfni	Hæfniviðmið Ætlast er til þess að nemandi:	Námsefni/ kennslugögn	Kennsluhættir	Matsviðmið/ Námsmat
Heilsa og efling þekkingar	<ul style="list-style-type: none"><li>- Geti tekið þátt í útvist og gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.</li><li>- Sæki og nýti sér upplýsingar um heilsu og velferð</li><li>- Sýnt umhverfi sínu virðingu og notfært sér hana í útvist</li><li>- Geti stundað íþróttir og leiki á eigin forsendum í hóp og sem einstaklingur</li></ul>	<p>Íþróttahús</p> <p>Skólalóð</p> <p>Hlaupaleiðir/kort</p>	<p>Innlagnir</p> <p>Hlaup, ganga, hjóla</p> <p>Íþróttir</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Keppnisleikir</p> <p>Knattleikir</p>	<p>Mat og skipting á námshæfni kemur fram inn á Mentor</p>



KÁRSNES

SKÓLI

Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"><li>- Taki virkan þátt í leikjum og æfingum sem reyna á samhæfingu og liðleika</li><li>- Hafi gott vald yfir gróf og fínþreyfingum</li><li>- Sýni fjölbreytta hæfni í mismunandi íþróttagreinum</li><li>- Hafi þekkingu á helstu líffærum og vöðvahópum líkamans</li><li>- Þjálfað þol, styrk, hreyfifærni og liðleika</li><li>- Nýtt sér stöðluð próf til að meta eigin getu</li></ul>	Íþróttahús Kársnesskóla Skólalóð  Kársnesskóli	Innlagnir  Hlaup, ganga, hjóla  Íþróttir  Verklegar æfingar	Mat og skipting á námsmati má sjá inn á Mentor  <b>Prófpættir:</b> <i>Hlaup, liðleiki stökk, Styrkur, þol, virkni og framkoma.</i>
Félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"><li>- Nemendur hafi tileinkað sér skilning á reglum og keppnis fyrirkomulagi.</li><li>- Unnið í samvinnu og haft jafnrétti að leiðarljósi.</li><li>- Tekist á við sigra og ósigra</li><li>- Sýni öðrum nemendur og kennara skilning, tillitsemi og virðingu.</li><li>- Viðhafi jákvæð samskipti til að efla liðsanda</li><li>- Hafi félagslega færni til samskipta við nýja félaga í íþróttum og leikjum</li></ul>	Íþróttahús Kársnesskóla Skólalóð	Innlagnir  Hlaup, ganga, hjóla  Íþróttir  Verklegar æfingar	Mat og skipting á námshæfni kemur fram inn á Mentor
Öryggi og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none"><li>- Tileinki sér rétta líkamsbeitingu</li><li>- Umgengist áhöld og búnað á öruggan og viðeigandi hátt</li><li>- Sýni öryggis- og umgengisreglum skilning og fylgi þeim eftir</li></ul>	Íþróttasalur Búningsklefar Skólalóð	Umræða um námsefni, öryggi og reglur	Mat og skipting á námshæfni kemur fram inn á Mentor



Niðurstöður námsmats birtist nemendum í gegnum hæfniviðmið og matsviðmið inn á Mentor. Þar geta foreldrar og nemendur nálgast hæfnikort nemenda og séð yfirlit yfir hvar nemandinn er staddur hverju sinni. Í 5.-10.bekk er einkunn gefin í: A, B+, B, C+, C og D.

Matskvarði:	Matsviðmið fyrir námshæfni í íþróttum:
<b>A</b> (Framúrskarandi)	Nemandinn hefur náð framúrskarandi tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar miðað við jafningja og eigin forsendur.
<b>B+</b> (Mjög Góð)	Nemandinn hefur náð mjög góðum tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar miðað við jafningja og eigin forsendur auk þess sem hann hefur sýnt fram á frammúrskarandi hæfni á einhverjum sviðum.
<b>B</b> (Hæfni náð)	Nemandinn hefur náð tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar miðað við jafningja og eigin forsendur.
<b>C+</b> (Á góðri leið)	Nemandinn er á góðri leið með að ná tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar miðað við jafningja og eigin forsendur. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
<b>C</b> (Parfnast þjálfunar)	Nemandinn hefur náð tökum á hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar miðað við jafningja og eigin forsendur en þarfnaðar eru ákvæðnum sviðum.
<b>D</b> (Ábótavant)	Nemandinn hefur ekki náð neinum tökum á þeirri hæfni sem ætlast er til að hann búi yfir í lok annar miðað við jafningja og eigin forsendur.

# Kennsluáætlun í skólaíþróttum - Vorönn 2020

[+]

Dagsetning	Kennsla/viðfangsefni
06.01 – 10.01	Leikir
13.01 – 17.01	Handbolti
20.01 – 24.01	<u>Bandý</u>
27.01 – 31.01	Körfubolti
03.02 – 07.02	Stöðvaþjálfun <b>PrófLangstökk án atrennu</b>
10.02 – 14.02	Badminton Fyrirlestur - Bóklegt próf hjá 10.bekk <u>11.feb</u> – foreldraviðtöl
17.02 – 21.02	Fótbolti
24.02 – 28.02	Boðhlauð <b>Próf Bóklegt próf hjá 10.bekk</b> <u>26.feb</u> - Öskudagur
02.03 – 06.03	Leikir Vetrarfri: 5-6 Mars
09.03 – 13.03	Kýló / Brennó
16.03 – 20.03	Þol og styrkur
23.03 – 27.03	Leikir Skipulagsdagur og Skólahreysti 21.Mars og 23.Mars
30.03 – 03.04	Badminton
06.04 – 10.04	<b>Páskafrí: 6 - 13.Apríl</b>
13.04 – 17.04	<u>Bandý</u>
20.04 – 24.04	<b>Próf - Minutuhlaup</b> Sumardagurinn fyrsti - 23.April
27.04 – 01.05	Klára próf og frjálst val nemenda
04.05 – 05.06	Útvist – Leikir, æfingar og íþróttir við íþróttahús

\*Kennari áskilur sér rétt á að breyta kennsluáætlun án fyrirvara